

Borgarbyggð  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík 20. febrúar 2018  
UST201712-186/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag breyting- Helgavatn í Vatnshlíð-Borgarbyggð**

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar er barst 15. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Vatnshlíð.


**Skipulagssvæðið**

Í greinargerð kemur fram að frístundahúsasvæðið er alls 7 ha og er vaxið birkiskógi að stærstum hluta. Einnig kemur fram að á lóðinni eru 8 lóðir sem allar eru byggðar.

Í skilmálum fyrir ofangreint frístundahúsasvæði kemur fram að óheimilt er að ryðja birkiskóg. Umhverfisstofnun tekur undir það og annað er fram kemur varðandi gróður og gróðursetningu. Einnig er fjallað um fráveitu og skilmála fyrir hana.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda breytingartillögu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Rákel S kristjánsdóttir  
Sérfræðingur

Ábending: Umhverfisstofnun bendir vinsamlega á að útprentað skjal er fylgdi erindinu, sýnir ekki allan þann texta er fram kemur á tillögu í pdf formi sem er á heimasíðu Borgarbyggðar. Umhverfisstofnun bendir á að best er að senda pdf skjal sem viðhengi með erindi.